

Reykjanesbæ, 20. ágúst, 2010

Skólamaturlur veturinn 2010 - 2011

Kæru foreldrar og forráðamenn nemenda í Lækjarskóla.

Það er okkur sönn ánægja að bjóða nemendum í Lækjarskóla upp á skólamáltíðir.

Fjölskyldufyrirtækið Skólamaturlur ehf. matreiðir hollar, góðar og heimilislegar máltíðir fyrir grunnskólanemendur. Máltíðirnar eru eldaðar í mótuneyti Lækjarskóla af matreiðslumanni Skólamaturlur.

Lykillinn að góðri þjónustu eru góð samskipti og við hvetjum því foreldra og nemendur að koma til okkar ábendingum og athugasemdum um skólamaturlurinn því það er samvinnuverkefni okkar allra að börnin fái hollan og góðan mat.

Afgreiðsla skólamáltíða hefst þriðjudaginn 24. ágúst og verð fyrir hverja máltíð í áskrift er 272 kr.

Skráning fer fram á www.skolamaturlur.is Fyrsta áskriftartímabilið er frá skólabyrjun til og með 1. október. Eftir það er áskriftartímabilið frá 4. hvers mánaðar til 3. næsta mánaðar. Ekki er hægt vera í áskrift í minna en einn mánuð í senn. Ef segja á áskrift upp þarf að gera það fyrir 27. mánaðarins á undan. Sem dæmi: áskrift sögð upp fyrir 27. september fyrir októbertímabil. Ef áskrift er ekki sagt upp fyrir þann tíma er lítið svo á að hún haldi áfram næsta tímabil á eftir.

Hægt er að greiða áskriftir með greiðslukorti eða með greiðsluseðli en einnig er hægt að greiða beint á skrifstofu Skólamaturlur. Áskrift greiðist fyrirfram, en á fyrsta tímabilinu er krafa send út í byrjun september.

Matseðlar birtast á www.skolamaturlur.is/skolar og eru þeir skipulagðir og settir saman af næringarfræðingi og matreiðslumeisturum sem styðjast ávallt við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.

Forráðamenn barna sem af heilsufarsástæðum þurfa að fá sérstakt fæði, t.d. vegna ofnæmis eða sjúkdóma, eru vinsamlegast beðnir um að skrifa inn upplýsingar um einkennin í athugasemdir í umsókninni. Afgreiðsla sérfæðis getur hafist við afhendingu læknisvottorðs.